



MINNISBLAÐ

- Málefni:** NVF fundur með formönnum og varaformönnum íslenskra NVF nefnda
- Dags.:** 11. október 2016, klukkan 15:00-16:15.
- Frá.:** ÞÍ
- Dreifing:** Formenn og varaformenn íslenskra NVF nefnda og aðrir þeir sem málið varðar
-

Mætt á fund:

Bergþóra Kristinsdóttir, Stjórn NVF á Íslandi og Vägteknologi
Bryndís Friðriksdóttir, Trafíksákerhet och transporter
Einar Pálsson, Drift och underháll
G.Pétur Matthíasson, Kommunikatíonsgruppen
Gísli Eiríksson, Tunnlar
Grétar Páll Jónsson, Broar
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Transport i städer och transportplanering
Guðrún Þóra Garðarsdóttir, Broar
Halldór Torfason, Stjórn NVF á Íslandi
Haraldur Sigursteinsson, Vägteknologi
Margrét Silja Þorkelsdóttir, Utforming
Nicolai Jónasson, Digitalisering
Reynir Óli Þorsteinsson, Klimat och miljö
Skúli Þórðarson, Drift och underháll
Valtýr Þórisson, Utforming
Viktor Steinarsson, Digitalisering
Þorsteinn R. Hermannsson, Transport i städer och transportplanerin og varaformaður stjórnar NVF á Íslandi
Þórir Ingason, ritari NVF á Íslandi

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

- 1 Starf NVF á Íslandi 2016-2020
- 2 Starf norrænna NVF nefnda 2016-2020
- 3 Upplýsingar frá íslenskum NVF nefndum
- 4 Önnur mál

Þorsteinn R. Hermannsson varaformaður Íslandsdeildar NVF stýrði fundi í fjarveru formanns, Hreins Haraldssonar.

Gengið var til dagskrár, þó þannig að liðum 1 til 3 var í raun blandað saman. Ekkert var rætt undir lið 4.

Annars kom eftirfarandimeðal annars fram á fundinum:

ÞÍ rifjaði upp að starfið á Íslandi á þessu tímabili verður haft í samræmi við tillögur stjórnar Íslandsdeildarinnar á síðasta tímabili. Stofnaðar voru íslenskar nefndir, samsvarandi norrænum NVF nefndum¹ (utan „Kompetens“). Skipaðir voru formenn og varaformenn þessara nefnda, sem sjálfkrafa eru tilnefndir í samsvarandi norræna nefnd. Aðrir þátttakendur í íslenskum nefndum geta einnig verið skráðir í norrænu nefndina, óski þeir þess. Gert er ráð fyrir að íslensku nefndirnar hittist a.m.k. tvisvar á ári og á öðrum þeirra funda (a.m.k) væri yfirferð og umfjöllun um starfið í samsvarandi norrænni nefnd. Ákveðið var að hafa þennan hátt á, þrátt fyrir breytt skipulag starfs NVF, þar sem nefndir sambandsins starfa nú einungis á norræna vísu en hverju landi var í sjálfsvald sett hvort stofnaðar væru nefndir í viðkomandi landi. Hvatinn var að með þessu skapast innlendur vettvangur fyrir fólk í faginu til að hittast og ræða málin án skuldbindinga, en fram hafði komið jákvæð reynsla með það á síðasta tímabili.

ÞÍ fór einnig yfir norræna starfið, sem nú er með breyttu sniði eins og fram kemur hér að framan að því leyti að nefndirnar starfa einungis á norræna vísu í stað þess að áður voru nefndir í hverju landi sem saman mynduðu norrænu nefndina. Auk þess hefur NVF nefndum verið fækkað úr 16 í 10. Haldinn var upphafsfundur með formönnum og riturum norrænu nefndanna þann 28. og 29. september, 2016. Segja má að sá fundur marki upphaf starfsins á þessu tímabili fyrir flestar norrænu nefndirnar. Fram kom að í stað þess að nefndirnar skili fullbúnum tillögum um starfið í nóvember á þessu ári eins og upphaflega var gert ráð fyrir, er nú gert ráð fyrir að einungis verðu um drög að ræða, en endanlegum plönnum verið skilað í byrjun apríl 2017. Þetta gefur meira svigrúm til undirbúnings, en skipulag starfsins liggur nú á herðum formanna og ritara norrænu nefndanna einna í samráði við nefndina í heild, í stað þess að áður var það unnið í samvinnu við þáttökulöndin með formönnum og riturum landsnefnda á svokölluðum formanna og ritarafundum. Á fundinum 28. og 29. september kom einnig fram að í flestum nefndum er gert ráð fyrir að byrja starfið með fundum (í einhverju tilvikum netfundum), þar sem allir nefndarmenn eru boðaðir til að ræða skipulag vinnunnar.

Í umræðu á þessum fundi kom fram að íslenska nefndin um Vægteknologi hefur boðað stofnfund 18. október. Í einhverjum hinna nefndina hafa málin verið rædd lauslega, en annars bíða menn almennt eftir að norrænu nefndirnar hefji sitt starf. Í sumum tilvikum munu forsvarsmenn íslensku nefndanna sækja fundi sem hafa verið boðaðir til undirbúnings starfsins í norrænu nefnunum. Fram komu áhyggjur af því að tengsl okkar við norræna starfið gætu rofnað þar sem skipulagið gerir ráð fyrir að allir íslenskir fulltrúar í norrænu nefndinni hafi sömu stöðu og þannig verði erfðara en áður að sækja leyfi til ferða hjá vinnuveitanda viðkomandi, en þá höfðu formenn og ritara Íslandsdeilda nefnda þá stöðu að vera í raun í stjórn norrænu nefndarinnar. Þrátt fyrir það er vonast til að NVF-starfið geti dafnað hér, e.t.v. með meiri áherslu á

¹ Norrænu nefndirnar eru eftirtaldar: Broar; Digitalisering; Drift och underhåll; Klimat och miljö; Kompetens; Trafiksäkerhet och Transporter; Transport i städer och transportplanering; Tunnlar; Utformning; Vægteknologi



innanlandsstarfið, en formenn og varaformenn íslenskra nefnda munu að sjálfsögðu hafa þá umfarmskyldi við aðra nefndarmenn að reyna að fylgjast með starfinu í viðkomandi norrænni nefnd, m.a. til að geta miðlað upplýsingum á fundum héraðs.

Fundi slitið klukkan 16:15 /ÞI